

GJALDSKRÁ

Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.

1. gr.

Fyrir byggingaleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið í gjaldinu byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	60.000
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð,	50.000 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	42.000 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	36.000 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	30.000 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur allt að 500 fermetrar	60.000
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur stærra en 500 fermetrar	80.000

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 m ²	25.000
Viðbyggingar 20 – 100 m ²	35.000

Byggingaleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærra en 100 m² skulu vera þau sömu og byggingaleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	10.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	6.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	4.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000
Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	10.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000
Framkvæmdaleyfi	10.000

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu í janúar 2001 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Byggingarvísitala í janúar 2001 er 245,1 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 3. apríl 2001.

Akureyri, 26. apríl 2001.

F.h. bæjarstjórans á Akureyri,

Hákon Stefánsson bæjarlögmaður.